

1011. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 19. nóvember 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda

Farið yfir fundargerðir síðustu 4 funda og þær samþykktar eftir 2 breytingar.

2. Fyrirkomulag kosninga á stjórn VR

Gunnar Páll lagði fram skjalið „*Tillaga kjörstjórnar*“ og þakkaði fyrir stuðning stjórnar undanfarna daga. Þykir honum rétt að láta kjósa um formannsembættið en hefur sjálfur ekki enn ákveðið hvort hann bjóði sig fram. Kjörstjórn kom saman í gær og leggur til að hafa kjörfund í 3 vikur, auglýsa 30. nóvember og hafa framboðsfrest til 22. desember og síðan Nýársfund 5. janúar og þar yrði gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs. Fyrirkomulagið verður kynnt trúnaðarráð í næstu viku þann 26. nóvember.

3. Breyting á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Gunnar Páll lagði fram skjalið „*Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins*“ dags. 12. nóvember 2008. Ræddi Gunnar Páll um að þess yrði freistað að skerða ekki lífeyrisgreiðslur þótt 23% eigna séu töpuð. Lítil áhætta sé fólgin í því að fresta skerðingu um eitt ár. Gunnar Páll las yfir breytingartillöguna þar sem nú er tekin upp bein tilvísun í 39. grein laga nr. 129/1997 um 10% mörk í stað þeirra 5% marka um tafarlausa réttindalækkun sem var því mun þrengri í eldri samþykktinni.

Þessi tillaga var samþykkt.

4. Fjárfestingarstefna VR

Gunnar Páll lagði fram skjalið „*Tillaga að fjárfestingarstefnu fyrir VR*“ sem Helga Árnadóttir, sviðsstjóri Rekstarsviðs VR, hafði útbúið. Í stuttu máli gengur tillagan út á það að taka fé VR meira heim og setja í einhvers konar ríkistryggð bréf. Málið var rætt og kom fram að fundarmenn vildu gjarnan fá þessar tillögur meira sundurliðaðar á blaði á næsta fundi en samþykkt að fara inn á þessa braut.

5. Stefnumótun

Gunnar Páll lagði fram skjalið „*Viðbrögð við atvinnuleysi*“ þar sem hann reifar hugmyndir að því hvernig VR geti aðstoðað félagsmenn sem missa vinnuna á næstu misserum. Er hugmyndum skipt upp í tvo flokka; það sem hægt er að gera í samvinnu við heildarsamtök og fræðsluaðila, og hins vegar það sem VR sjálft getur gert.

Gunnar Páll stakk uppá að við þróum þetta áfram og að stjórnarmenn sendi sér hugmyndir og gætum við athugað með að fara yfir þetta á kvöldfundi þann 10. desember n.k.

6. Styrkir

- Neytendasamtökinn
Áður rætt á síðasta fundi. Samþykktur styrkur, kr. 200 þúsund.
- Leikverkið; ályktun 1325
Áður rætt á síðasta fundi. Hafnað. Erindið naut ekki stuðnings.
- Átak til atvinnusköpunnar
Ósk um styrk frá Stefaníu Óttarsdóttur sem er að undirbúa stofnun miðstöðvar fyrir fólk sem vill öðlast efnahagslegt sjálfstæði, sbr. framlagt bréf dags. 06. nóvember 2008. Frestað til næsta fundar – Gunnar Páll ræði við Stefaníu m.a. um hugmyndir okkar um örlán.